



Dags. fundar: 23. nóvember 2009	Tími: 19:30	Nr. fundar: 11-2009
Fundarboðari: Guðmundur Jóhannesson	Fundarritari: Ingibjörg E.L.Stefánsd.	Staður: Tíbrá, Selfoss.

Efni fundar:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Fjármál
 - a. Fjárhagsstaða.
 - b. Innheimta æfingagjalda.
 - c. Innheimta vegna skilta.
3. Umsóknir í Afrekssjóð
4. Næstu viðburðir.
 - a. Unglingamót HSK 5. des 2009.
 - b. „Litlu“ Sunddeildarjólin.
5. Farsíma- og tækjasöfnun.
6. Önnur mál.
7. Næsti fundur.

Viðstaddir: Guðmundur Jóhannesson, Guðbjörg Edda Árnadóttir og Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir.

Boðuð forföll: Sigrún Sunna Skúladóttir.

Fjarverandi en boðaðir:

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2.
 - a. Staðan er nokkuð góð hjá deildinni enda sparnaðaraðgerðir í gangi.
 - b. Innheimta æfingagjalda gengur vel en innheimt er fyrir alla haustönnina í einni upphæð.
 - c. Ákveðið var að rukka fyrir skiltin við sundlaugina þann hluta ársins 2009 sem skiltin voru uppi. Því miður hefur sveitarfélagið ekki séð sér fært að koma á móts við deildina þar sem skiltin voru tekin niður vegna framkvæmda við laugina en ljóst er að deildin verður af töluvert miklum tekjum vegna þessa.
3. Sótt verður um styrk úr Afreks- og styrktarsjóði UMFS og Árborgar skv. samningi þeirra á milli. Sótt er um eftir á og mun deildin sækja um styrk vegna æfingarferðar sem farin var til Þýskalands í júní 2009 og æfingabúða sem voru á Borg í Grímsnesi í október 2009.
4.
 - a. Undirbúningur Unglingamótsins er í höndum sundnefndar HSK og þjálfara. Mótið er árlegt og á því keppa 14 ára og yngri krakkar. Keppendur munu koma frá Selfossi, Hveragerði og Dímon á Hvolsvelli.
 - b. „Litlu“ Sunddeildarjólin verða fimmtudaginn 17. desember kl. 16-18 í Tíbrá. Kakó, kökur, viðurkenningar veittar o.fl.
5. Tilkynning um farsíma- og tækjasöfnun deildarinnar í samvinnu við Græna framtíð verður birt í Dagskránni seinna í vikunni. Íbúar hafa þá tækifæri til að losa sig við þessi tæki með því að koma þeim í Tíbrá. Deildin sér síðan

um að koma þeim í endurnýtingu. Einnig verður fólki gefin kostur á því sama í næstu flöskusöfnun deildarinnar.

6. I. Sundfötin sem búið er að hanna fyrir deildina eru komin af stað til landsins og lítur út fyrir að þau verði til afhendingar fyrir jólin.
- II. Kanna þarf möguleikana á því að iðkendur deildarinnar geti fengið læsta skápa í sundlauginni fyrir dótið sitt, á æfingátíma án aukagreiðslu. Alltof mikið er um að eigur þeirra hverfi og skiptir þá ekki máli hvort er verið að ræða um nærbuxur eða dýrar úlpur.
- III. Guðmundur formaður er búinn að bæta við útreikningstöflu á vefsíðu deildarinnar undir iðkendur. Taflan hjálpar iðkendum við að reikna út keppnishraða í sundleggjum hvarrar greinar. Einnig eru þar myndbönd sem sýna tæknina sem sundmaður þarf að hafa í huga í sundinu. Fleiri myndbönd munu bætast við.
- IV. Þar sem Steinunn Aradóttir, sem verið hefur í stjórn deildarinnar, er flutt af svæðinu og fleiri breytingar innan stjórnar liggja í loftinu með vorinu óskar stjórnin eftir fólki til stjórnarstarfa.
7. Næsti fundur var ákveðinn mánudaginn 14. desember n.k. kl. 19:30.

Verkefni ákveðin á fundinum:

<i>Verkefni</i>	<i>Ábyrgur</i>	<i>Ljúkist fyrir</i>
Tilkynning vegna farsíma- og tækjasöfnunar	GJ	Á morgun
Athuga möguleika á læstum skápum	GJ	Fljótlega.

Fylgiskjöl: Tilkynning um Unglingamót HSK, Fréttatilkynning um farsíma – og tækjasöfnun.

Fundi slitið kl: 20:50

Næsti fundur: 14. desember 2009 kl. 19.30.